

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Birkihlíð 11-15, L232274.*

Deiliskipulagsbreyting er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Birkihlíðar 11-15. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall innan lóðar verði aukið úr 0,30 í 0,35. Við fyrri breytingu á deiliskipulagi svæðisins þar sem lóðir minnkuðu skertist heimilað byggingarmagn innan lóða. Breytingu þessari er því ætlað að ná til baka fyrra byggingarmagni innan lóða.

*Deiliskipulagsbreyting, Smiðjustígur 9, L167030.*

Í breytingunni felst stækkun byggingarreits til að koma nýju húsi betur fyrir á lóðinni. Ætlunin er að reiturinn verði staðsettur í 3 metra fjarlægð frá lóðarmörkum til austurs og 3 metra frá lóðarmörkum til norðurs.

*Deiliskipulag, Ásgarður, Kerlingarfjöll.*

Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags svæðisins. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðapjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Samhliða er umrætt svæði fellt út úr gildandi deiliskipulagi svæðisins.

*Deiliskipulagsbreyting, Ásgarður, Kerlingarfjöll.*

Í breytingunni felst að svæði sem tekur til nýs deiliskipulags fyrir Ásgarð er fellt út úr gildandi skipulagi.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. júní 2022.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,  
**Vigfús Þór Hróbjartsson.**